

Samantekt
Hagsmunaráð fundur nr. 5

2017-09-35

Fundarstaður: Gylfaflöt 9**Dagsetning:** 02.05.2019**Fundartími:** 13.00 15.00**Fundarritari:** Elín Sigríður Óladóttir**Mættir:**

| Hagsmunaráð | Fulltrúar fyrir |
|--|---|
| Anna Lea Gestsdóttir (ALG) | Byggðastofnun |
| Anna G. Sverrisdóttir (AGS) | Samtök ferðaþjónustunnar |
| Arnar Guðmundsson (AG) | Íslandsstofa |
| Berglind Rán Ólafsdóttir (BRÓ) | Samorka/Orkuframleiðendur |
| Erna Björnsdóttir (EB) | Íslandsstofa |
| Guðbergur Rúnarsson (GR) | Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi |
| Gunnar Stefánsson (GS) | Háskóla Íslands |
| Guðrún Vaka Steingrimsdóttir (GVS) | Bændasamtökum Íslands |
| Jóhann Þór Jóhannsson (JÞJ) | Advania |
| Lárus Ólafsson (LÓ) | Samtök Iðnaðarsins (stórnotendur) |
| María Sigríður Guðjónsdóttir (MSG) | Háskóli Reykjavíkur |
| Pétur Halldórsson (PH) | Ungir umhverfissinar |
| Ragnar Guðmundsson (RG) | Samtök Iðnaðarsins (stórnotendur) |
| Ragnar Kristjánsson (RK) | Háskóli Reykjavíkur |
| Tryggvi Þór Haraldsson (TPH) | Samorka/Dreifiveitur |
| Þorgerður María Þorbjarnardóttir (ÞMP) | Ungir umhverfissinnar |
| Vigdís Háslar | Sambandi Íslenskra sveitarfélaga |
| Frá Landsneti | |
| Einar S. Einarsson | Framkvæmdarstjóri Stjórnunarsviðs |
| Elín Sigríður Óladóttir (ESÓ) | Samráðsfulltrúi |
| Gnýr Guðmundsson (GG) | Yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu |
| Guðmundur Ingi Ásmundsson (GIÁ) | Forstjóri |
| Páll Jensson (PJ) | Formaður hagsmunaráðs |
| | |
| Gestir | |
| Bryndís Skúladóttir | VSÓ ráðgjöf |

Dagskrá:

- **Elín Sigríður Óladóttir, samráðsfulltrúi Landsnets,**
Samantekt á vinnu hagsmunaráðs sl. starfsár
- **Bryndís Skúladóttir, ráðgjafi, VSÓ ráðgjöf**
Kynning á niðurstöðu könnunar vegna samráðsvinnu
- **Gnýr Guðmundsson, verkefnastjóri áætlana á þróunar- og tæknisviði Landsnets,**
Kynning á Kerfisáætlun 2019-2028

Umræður og samantekt

PJ opnaði fundinn og kynnti dagskrá fundar.

Sp./ábending: Kom fram ábending um að fá fyrirlesara úr hópnum, biðja fulltrúa að kynna baklandið sem þeir eru fulltrúar fyrir eða annað sem ætti heima á þessum vettvangi.

Svar/viðbrögð: Elín þakkaði þessa ábendingu og mun vinna í að setja á dagskrá næsta vetur.

Sp./ábending: Hversu nákvæmt er farið í greiningar á svæðisbundunu kerfunum

Svar/viðbrögð: Það eru allar mögulegar greiningar gerðar í hverju kerfi

Sp./ábending: Kom fram ábending um að setja fram orðskýringar við skýrsluna um kerfisáætlun, mikið af flóknum orðum og orðtökum.

Svar/viðbrögð: Takk fyrir þessa þörfu ábendingu. Munum fara í að láta verða að veruleika

Sp./ábending: Já Er það lagaleg skylda að tengja alla þá sem þess óska við kerfið?

Svar/viðbrögð Já ef það svarar arðsemiskröfum fyrirtækisins, getur komið til að kostnaður falli á framleiðendur sem greiða þá s.k. kerfisframlag eða tengikostnað. Landsnet getur í undantekningartilfellum neitað skv. raforkulögum á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd.

Sp./ábending: Hvar á Norðurlandi er umframorka til staðar?

Sp./ábending: Það er orka til staðar í öllum virkjunum en það vantar að byggja upp flutningskerfið til að flytja orkuna.

Sp./ábending: Þarf umhverfismat að vera búið til að tengisamningur geti orðið?

Svar/viðbrögð: Nei hægt að gera samning en það verður að fylgja öllum lögum og reglum sbr. umhverfismat, framkvæmdarleyfi sem og skipulagsmál sem eru í höndum sveitarfélaga.

Umræður

Anna Lea frá Byggðastofnun greindi frá í kjölfar á umræðu um smávirkjanir og skorti á yfirliti yfir þær að Landshlutasamtökin eru að vinna í samantekt á smávirkjunum

Páll þakkaði góð innlegg og ábendingar frá fundarmönnum. Næsti fundur í haust er hugsaður sem vinnufundur í tengslum við nýja kerfisáætlun.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 15.00